

Samkæmt þessu verða úrslit máls þessa þau, að stefndu verða sýknaðir af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, utanríkisráðherra f. h. Utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Byggis Ltd. & Associates, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 6. maí 1961.

Nr. 20/1961. **Ákærvaldið** (Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Jónasi Guðmundssyni (Jón Skaftason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 31/1961 verður ákærða hins vegar eigi dæmd réttindasvipting í máli þessu, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. málflutningslauna til sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Guðmundsson, sæti fangelsi 8 mánuði, en frá refsingunni dragast 11 dagar gæzluvarðhaldsvistar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. málflutningslaun sækjanda og

verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Jóns Skaftasonar, kr. 1500.00 til hvors. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. október 1960.

Ár 1960, þriðjudaginn 25. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Frikirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5865/1960: Ákærvaldið gegn Jónasi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Jónas Guðmundsson verkamaður, Garðastræti 17, hér í bæ, fyrir að hafa:

I. Veturinn 1957 tekið af ófrjálsum kvenkjól úr anddyri í kjallara að Víðimel 69, hér í bæ.

II. Aðfaranótt föstudagsins 8. apríl s.l. brotízt inn í Afgreiðslu smjörlíkisgerðanna, Þverholti 19—21, hér í bænum, og stolið þaðan einu útvarpsviðtæki.

III. Aðfaranótt fimmtudagsins 21. apríl s.l. brotízt inn í verzlunina Álfabrekku við Suðurlandsbraut hér í bæ og tekið þaðan ófrjálstri hendi nokkuð af vindlingum og reyktóbaki.

Öll framangreind brot teljast samkvæmt ákæruskjali varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV. Aðfaranótt laugardagsins 15. október s.l. gert tilraun til að brjótast inn í söluturn á Birkimel við Hringbraut í þeim tilgangi að taka þaðan af ófrjálsum vindlinga og annað fémeætt, er hann girntist.

Þetta brot telst samkvæmt ákæruskjali varða við 244. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafízt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 19. desember 1910 á Tungu í Skarðshreppi í Skagafjarðarsýslu. Hann hefur sætt þessum refsíðómum, öllum í Reykjavík:

1. 11. maí 1955. 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
2. 24. janúar 1956. 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
3. 14. marz 1958. 12 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti

og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna. Staðfest í Hæstarétti 12. janúar 1959.

4. 15. ágúst 1958. 45 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna. Staðfest í Hæstarétti 12. janúar 1959.

Auk þessa hefur ákærði á árunum frá 1943 verið sektaður 20 sinnum fyrir ölvunarbrot o. fl., frá kr. 10.00 upp í kr. 400.00 í hvert sinn.

Samkvæmt játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, eru málavextir þessir:

Hinn 15. þ. m., kl. 0240, voru tveir rannsóknarlögreglumenn staddir í lögreglustöðinni. Barst þá þangað tilkynning um, að verið væri að brjótast inn í söluturninn á Birkimel við Hringbraut. Rannsóknarlögreglumennirnir fóru á vettvang og handtóku þar ákærða, sem var að leggja af stað þaðan á reiðhjóli og hafði með sér tillagað bílfjaðrarblað og skrufjárn. Við athugun á söluturninum kom í ljós, að reynt hafði verið að sprengja upp vængjalúgu á vestuhlið turnsins og að einnig hafði verið gerð tilraun til að spenna upp hurð á suðurhlið turnsins. Rannsóknarlögreglumennirnir báru fjöðrina við förin á lúgunni og hurðinni, og pössuðu þau.

Ákærði viðurkennir að hafa verið þarna að verki. Kveðst hann hafa verið einn við vındrykkju þessa nótt og hafa ætlað sér að brjótast inn í verzlunarstað þenna til að stela sigarettum handa vinkonu sinni. Verkfærin tók hann með sér til að nota við innbrotið, og reyndi hann að brjóta upp bæði lúguna og dyrnar, en hvorugt tókst. Hætti hann þá við að framkvæma áform sitt og var að leggja af stað af vettvangi, þegar hann var handtekinn.

Við leit, sem gerð var hjá ákærða daginn eftir, fannst kvenkjóll, sem hann viðurkennir að hafa veturinn 1957 tekið að ófrjálsu úr kjallaranum á Víðimel 69, en þá bjó hann í bílskúr við það hús.

Aðfaranótt föstudagsins 8. apríl s.l. brauzt ákærði inn í Afgreiðslu smjörlikisgerðanna að Þverholti 19—21. Komst hann inn um glugga á bakhlið hússins af skúrþaki, en gluggann hafði hann spennt upp. Inni tók hann útvarpsviðtæki og hafði á brott með sér. Það fannst heima hjá honum við áðurnefnda leit, og var því komið til skila.

Aðfaranótt fimmtudagsins 21. apríl s.l. brauzt ákærði inn í verzlunina Álfabrekku við Suðurlandsbraut og stal þar nokkru

af sígarettum og reykþóbaki. Inn komst hann með því að spenna upp bakdyr verzlunarinnar með bílfjaðrarblaði. Ólvaður segist ákærði hafa verið, þegar hann framdi þenna verknað, og þýfið hafði hann notað sjálfur.

Fyrir framangreind brot, sem réttilega eru færð til refsíákvæða í ákæruskjali, með tilliti til 77. gr. hegningarlagna og einnig með tilliti til 78. gr. sömu laga, að því er varðar kjólstuldinn, þykir refsing ákærða með hliðsjón af fyrri brotaferli hans hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði hefur verið í gæzluvarðhaldi frá 15. þ. m., eða í 11 daga. Ber samkvæmt 76. gr. hegningarlagna að draga þenna tíma frá refsingunni.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlagna ber að svipta ákærða frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þenna kveður upp Valdimar Stefánsson sakadómari.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Guðmundsson, sæti fangelsi í 8 mánuði, en frá refsingunni dragast 11 gæzluvarðhaldsdagar.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Laugardaginn 6. maí 1961.

Nr. 105/1960. **Birgir Þór Helgason** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn

Hólmfríði Löve (Gunnar A. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur, að fengnu afrýjunarleyfi 20. júní 1960, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. s. m. og